



## Fundargerð

11. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ mánudaginn 5. desember.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk og Jóney Gylfadóttir.

Formaður setti fund klukkan 17:15 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 10. fundar, samþykkt rafrænt milli funda sem og formannskipti í íþróttá- og afreksnefnd.

**2. Fjallað um útnefningu á frjálsíþróttamanni og frjálsíþróttakonu ársins.** Stjórn FRÍ ákveður að óska eftir því að íþróttá- og afreksnefnd leggi fram tillögu að útnefningu til stjórnar fyrir 15. desember nk.

### 3. Viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta 2017

Í lok sumars ákvað stjórn að reglur fyrir næsta sumar yrðu endurskoðaðar. Eftirfarandi stjórnarmenn, Freyr Ólafsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir og Eiríkur Mörk Valsson skipa starfsnefnd sem kemur með drög 15. desember sem verður lögð fyrir stjórn. Einnig verður leitað umsagnar hjá unglinganefnd og íþróttá- og afreksnefnd.

### 4. Samningar við stærri styrktaraðila

Þrír stjórnarmenn, Freyr Ólafsson, Gunnar Svavarsson og Helgi Sigurður Haraldsson, skipa starfsnefnd sem vinnur að málinu og gerir grein fyrir verkefninu á stjórnarfundum í janúar og febrúar. Verkefnið er byggt á áframhaldandi grunnvinnu sem átti sér stað í sumar.

### 5. RIG - Samstarfsaðilar

Verkefnastjóra FRÍ falið að hafa samband við samstarfsaðila FRÍ frá síðasta RIG svo og aðra sem hafa stutt FRÍ á síðustu árum.

### 6. FRÍ mót – Samningur milli mótshaldara og FRÍ

Rætt um að gera þurfi samning eða setja fram vinnureglur, gátlista og gæðakröfur milli FRÍ og aðildarféлага um mótahald á FRÍ mótum. Starfsnefnd um samninga við styrktaraðila falið að setja fram drög að ákvæðum um aðkomu samstarfsaðila á mótum s.s. kostunaraðila. Stjórn FRÍ felur móta- og mannvirkjanefnd að leggja fram tillögur að samningsramma um mótahaldið þar sem tekið er á tæknilegri- og faglegri umgjörð.



## 7. Styrkja- og verkefnaumsóknir

Formaður tilkynnti sbr. rafræn samskipti stjórnar að verkefnastjóri hefði gengið frá umsókn um afreksstyrki hjá ÍSÍ, einnig hafi verið lögð inn umsókn um styrk hjá Íslandsbanka hf. fyrir ungt efnilegt íþróttafólk.

## 8. FRÍ ehf.

Ákveðið að vísa málinu til næsta fundar. Verkefnastjóra falið að senda samþykktir félagsins til stjórnar, milli funda.

## 9. FRÍ 70 ára 16. ágúst 2017

Ákveðið að skipa sjö manna afmælisnefnd undir forystu formanns. Þrír komi frá stjórn og fjórir aðrir án tilnefningar félaga. Formanni falið að leggja fram tillögur að nefndinni á næsta stjórnarfundum.

## 10. Ný íþróttamannanefnd samþykkt skv. tillögu

Stjórn FRÍ samþykkir skipan í íþróttamannanefnd, en nefndarmenn eru nú Ari Bragi Kárason, Fjóla Signý Hannesdóttir, Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, Ingi Rúnar Kristinsson og Steinunn Erla Davíðsdóttir.

## 11. Ráðning verkefnastjóra landsliðsmála

Starfshópi um skrifstofumál falið að leggja fram tillögur í samræmi við heildartillögur starfshópsins og framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir 2017.

## 12. Opnir stjórnarfundir

Fyrsti fundur var haldinn 21.nóvember hjá frjálsíþróttadeild FH, Kaplakrika, Hafnarfirði. Á fundinn mættu stjórnarmenn FRÍ, stjórnarmenn frjálsíþróttadeildar FH, framkvæmdastjóri ÍBH, íþróttfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar og formaður íþrótt- og tómstundanefndar Hafnarfjarðar. Formaður FRÍ mun senda þátttakendum á fundinum þakkir fyrir góðan og upplýsandi fund. Fundaratriði skráð á vinnuskjal stjórnar þar sem upplýsingaatriðum frá aðildarfélögum verður safnað saman til úrvinnslu.

Næsti opni stjórnarfundur verður haldinn fimmtudaginn 8.desember hjá frjálsíþróttadeild Breiðabliks í Kópavogi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:40. Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir

